

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 2001.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	skýr.	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur		<u>49.423.556</u>
Fjármunatekjur alls:		<u>49.423.556</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld		4.577
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	5	<u>25.586.566</u>
Fjármagnsgjöld alls:		<u>25.591.143</u>
Hreinar fjármunatekjur:		<u>23.832.413</u>
Aðrar tekjur:		
Framlag sveitarfélaga		28.366.926
Framlag ríkissjóðs		30.000.000
Búnaðargjald		66.796.000
Aðrar tekjur alls:		<u>125.162.926</u>
Tekjur alls:		<u>148.995.339</u>
Styrkveitingar:		
Styrkir	11	<u>74.191.541</u>
Styrkveitingar alls:		<u>74.191.541</u>
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld:		<u>74.803.798</u>
Rekstrargjöld:		
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	10	15.848.493
Sérkostnaður	12	7.243.689
Afskriftir	4	<u>503.970</u>
Rekstrargjöld alls:		<u>23.596.152</u>
Hagnaður fyrir skatta:		51.207.646
Fjármagnstekjuskattur		4.658.819
Tekjur umfram gjöld:		<u>46.548.827</u>

Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember 2001.

Eignir.

Fastafjármunir:	skýr.	kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7	
Áhöld		350.154
Fasteignir		<u>13.257.074</u>
Fastafjármunir alls:		<u>13.607.228</u>

Veltufjármunir:	Skýr	Kr.
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur		14.423.545
Aðrar skammtímakröfur		403.414
Veltufjármunir alls:		<u>14.826.959</u>
Handbært fé:		
Bankainnstæður		364.348.589
		<u>364.348.589</u>
Veltufjármunir alls:		<u>379.175.548</u>
Eignir samtals:		<u>392.782.776</u>
Eigið fé og skuldir.		
Eigið fé:	8	
Endurmatsreikningur		211.208.779
Óráðstafað eigið fé		148.792.920
Eigið fé alls:		<u>360.001.699</u>
Skuldbindingar:		
Lífeyrisskuldbinding	6	<u>25.360.000</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir		3.710.377
Fyrirframgreitt búnaðargjald		1.657.000
Ógreiddir samþykktir styrkir		2.053.700
Skammtímaskuldir alls:		<u>7.421.077</u>
Skuldir og skuldbindingar alls:		<u>32.781.077</u>
Skuldir og eigið fé samtals:		<u><u>392.782.776</u></u>

Reykjavík, 10. apríl 2002.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðbjartur Gunnarsson.
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson.

Hörður Harðarson.
Ríkharður Brynjólfsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Pórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög

og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. apríl 2002.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

REGLUR

um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um eingreiðslu örorkubóta til slysatryggðra einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

2. gr.

Orkutap.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabíl samkvæmt reglum þessum.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Hafi hinn slasaði hlotið örorku vegna tveggja eða fleiri slysa sem bótaskyld eru samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga er heimilt að greiða bætur ef samanlögð örorka vegna slysa er 10% eða meiri. Sé samanlögð örorka 50% eða meiri greiðist örorkulífeyrir samkvæmt reglum 1.-4. mgr. 29. gr. laga um almannatryggingar, með síðari breytingum.

3. gr.

Tímabil.

Bætur reiknast fyrir tímabilið frá því greiðslu dagpeninga lýkur, eða samkvæmt nánari tilgreiningu í örorkumati, og fram til 67 ára aldurs hins slasaða. Hafi slys ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrests og réttur til dagpeninga er fyrndur skal miða upphaf bóta við þann tíma þegar greiðslu dagpeninga hefði verið lokið ef slys hefði verið tilkynnt innan frests.